

Embætti ríkislögreglustjóra

B.t. Kristínar Öldu Jónsdóttur yfirlögfræðings

Rauðarárstíg 25

105 Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2026

ÍTREKUN OG GAGNABEIÐNI

Efni: Varðandi kröfu um rannsókn og beiðni um aðgang að gögnum

I.

Um aðdraganda, kærugrundvöll og kröfugerð o.fl.

Vísað er til fyrri erinda sem undirritaður lögmaður hefur sent embætti Ríkislögreglustjóra f.h. hóps Íslendinga undir merkjum Þjóðfrelsis, sbr. kæruskjal 13. júní 2025 og síðari áréttunga og framhaldsgreinargerðar, svo og ítrekunar sem senda var 22. apríl sl. þar sem farið var fram á að ríkislögreglustjóri tæki til rannsóknar hvort tiltekin háttsemi utanríkisráðherra kynni að varða við ákvæði X. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, einkum ákvæði um brot gegn sjálfstæði og stjórnskipan íslenska ríkisins. Þegar þetta er ritað hafa engin efnisleg svör eða viðbrögð borist frá embættinu.

Af hálfu umbj.m. hefur þess verið krafist að embætti ríkislögreglustjóra taki málið til efnislegrar rannsóknar og meðferðar á grundvelli b-liðar 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, þar sem ráð er fyrir gert að rannsóknar- og greiningardeild ríkislögreglustjóra hafi það hlutverk að bæði fyrirbyggja og rannsaka m.a. landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum. Í upphaflegu erindi var sérstaklega vísað til þess að kæran lyti að undirbúningi og framlagningu frumvarps um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, vegna svonefndrar bókunar 35. Síðar var bætt við kærana þar að lútandi framhaldsgreinargerð sem senda var ríkislögreglustjóra svo sem áður er fram komið.

Af hálfu umbj.m. er áréttað að kæruefnið hverfist ekki einvörðungu um aðdraganda og framlagningu frumvarps um breytingu á lögum nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið (bókun 35) heldur einnig tilteknað aðrar embættisathafnir utanríkisráðherra sem nánar hafa verið raktar í

fyrri erindum umbj.m. til ríkislögreglustjóra. Þar á meðal er vísað til undirritunar samkomulags við Evrópusambandið um pólitíska aðlögun að utanríkisstefnu ESB, meðferð upplýsinga um fyrirhugaðar aðgerðir ESB gagnvart íslenskum hagsmunum og framlagningar þingsályktunartillögu um „framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu“.

Af hálfu umbj.m. er litið svo á að þeir starfshættir og verknaðarþættir sem varpað hefur verið ljósi á nú þegar með gögnum málsins séu þess eðlis að embætti ríkislögreglustjóra beri að taka erindi umbj.m. til efnislegrar meðferðar og rannsókna. Engan veginn verður séð að málið hafi fengið fullnægjandi efnislega meðferð hjá embættinu, enda virðist sá ráðherra sem kæran beinist að ekki einu sinni hafa verið kvaddur til skýrslugjafar áður en tekin var ákvörðun um frávisun málsins. Þess hér að geta að í fyrri greinargerð var jafnframt gerð athugasemd við þann óhóflega drátt sem orðið hefur á meðferð málsins og bent á mögulegt vanhæfi setts ríkislögreglustjóra til að taka ákvörðun um tilgreind afdrif þess.

Í ljósi nýrra upplýsinga sem fram hafa komið viðvíkjandi kæruefninu verða settar hér fram viðbótar röksemdir og gerð krafa um rannsókn, ellegar framsendingu málsins ítrekaðar.

II.

Á grundvelli alls þess sem að framan greinir er, af hálfu umbj.m., vakin athygli embættis ríkislögreglustjóra á frétt Morgunblaðsins frá 28. maí sl. undir fyrirsögninni „**ESB-gögnin verða ekki kynnt almenningi**“, þar sem fram kemur að gögn er varði aðildarviðræður við Evrópusambandið verði ekki kynnt almenningi.

Af hálfu umbj.m. er farið fram á að embætti ríkislögreglustjóra haldleggi eða með öðru lögmætu móti afli tilvitnaðra gagna, eftir atvikum frá utanríkisráðuneytinu, Alþingi eða öðrum stjórnvöldum eða vörslustofnunum í þágu upplýsingar og rannsókna málsins. Gögnin kunna að mati umbj.m. að varpa frekara ljósi á efni framkomins kæruefnis, þar á meðal hvort stjórnvöld hafi þegar aflað, móttekið, unnið eða haldið leyndum upplýsingum sem hverfast um skuldbindingar Íslands gagnvart Evrópusambandinu, samningsstöðu Íslands, fyrirhugaða aðlögun að regluverki ESB eða atriði sem snerta fullveldi, stjórnskipan og sjálfsákvörðunarrétt íslenska ríkisins.

Halda ber því til haga hér að verndarhagsmunir þeir og réttindi sem ætluð umrædd landráðabrot beinast að eða bitna á varða réttaröryggi og sérstaklega lögvarinn og lýðræðislegan grundvallarrétt íslenskra ríkisborgarar og þá um leið þann sjálfsákvörðunarrétt sem fólgin er í kosningarétti þeim sem varinn er af stjórnarskrá lýðveldisins nr. 33/1944. Í þessu ljósi er afstaða umbj.m. sú að kærundur séu hér í stöðu brotaþola, sbr. einkum 1. mgr. 39. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Í ljósi þessa er hér með óskað eftir því að umbj.m. verði veittur aðgangur að umræddum gögnum, í heild eða að hluta, enda eru gögn þessi að mati umbj.m. þýðingarmikil fyrir mat á þeim sakarefnum sem kæruefnin lúta að. Á þessum grunni er afstaða umbj.m. sú að fyrir hendi séu lögvarðir hagsmunir sem embætti ríkislögreglustjóra beri að virða við rannsókn og meðferð málsins, sbr. m.a. 6. mgr. 15. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 og 47. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, sbr. einnig fyrirmæli ríkissaksóknara frá árinu 2017.

Af hálfu umbj.m. skal áréttað að þótt einhver skjöl kunnir að hafa verið flokkuð sem trúnaðar- eða leynigögn, þá leiðir ekki sjálfkrafa til þess að þau beri að undanskilja birtingu eða afhendingu. Slík merking getur ein og sér ekki talist ákvarðandi við mat á því hvort veita beri hlutaðeigandi aðgang að tilvísuðum gögnum, heldur ræðst það af túlkun viðeigandi lagaákvæða, að gættum þar að lútandi meginreglum og markmiðum.

III.

Samantekt

Með vísan til alls sem áður er fram komið af hálfu umbj.m. er ítrekuð sú krafa að málið verði endurupptekið og tekið til efnislegrar meðferðar hjá embætti ríkislögreglustjóra. Telji embættið sig ekki bært til að fara með málið er farið fram á að erindið verði framsent til þess stjórnvalds eða stofnunar sem ríkislögreglustjóri telur að sé valdbært, sbr. einkum framsendingarskyldu þá sem birtist í 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 svo og valdmarkareglur 23. gr. – 24. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Með vísan til alls framangreinds er þess farið á leit, f.h. umbj.m., að embætti ríkislögreglustjóra afli þeirra gagna sem um er getið í tilvitnaðri Morgunblaðsgrein í samræmi við meginmarkmið rannsóknar samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga um meðferð sakamála. Einnig er þess beiðst að ríkislögreglustjóri veiti umb.m. í kjölfarið aðgang að tilvísuðum gögnum í samræmi við áðurgreind lagaákvæði.

Að síðustu er ástæða til að ítreka hér athugasemdir umbj.m. við þann verulega drátt sem orðið hefur á meðferð málsins hjá embætti ríkislögreglustjóra. Um er að ræða málefni sem varðar, að mati umbj.m., grundvallarhagsmunir íslenska ríkisins, stjórnskipan þess og sjálfstæði og þar með réttaröryggi sérhvers einstaklings sem hér býr. Slík mál eiga samkvæmt stjórnskipun Íslands, almennum lögum, meginreglum laga og eðli máls að leggja á herðar stjórnvalda brýna og sérstaka skyldu til vandaðrar, skjótrar og hlutlægrar meðferðar. Á þessum grunni er farið fram á að erindi þessu verði svarað án frekari tafa.

Af hálfu umbj.m. er allur réttur áskilinn til að koma á framfæri frekari gögnum, sjónarmiðum og lagarökum á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

f.h. Þjóðfrelsis,



Arnar Þór Jónsson lögmaður.

